



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sunnufold

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
2 Greinargerð leikskólastjóra	3
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
4 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	6
5 Innra mat deilda í Sunnufold 2023-2024.....	8
5.1 Hulduheimar	8
5.2 Álfheimar.....	9
5.3 Tröllheimar.....	11
5.4 Stjörnukot	12
5.5 Mánakot.....	12
6 Innra mat sérkennslu.....	14
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	16
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
7 Samstarf við Foldaskóla og Regnbogaland	17
8 Foreldrasamvinna.....	17
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
10 Fylgiskjöl	19
10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025.....	19
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	20





Leiðarljós leikskólans

Starfsfólkið er okkar mikilvægasta afl. Með þekkingu sinni, vinnu og viðhorfum skapar það grundvöll fyrir leikskólastarf þar sem foreldrar eru virkjaðir til samstarfs með þátttöku og velferð barnanna að leiðarljósi

Sunnufold er leikskóli þar sem starfið er barnmiðað og góð samskipti skapa vettvang fyrir vináttu og vöxt. Við þjónum fólki af fagmennsku, temjum okkur víðsýni og leitum nýrra leiða þegar þarf. Starfsfólk Sunnufoldar sækir sér faglega þekkingu og úrræði bæði sín á milli og með því að sækja faglega kennslu út fyrir skólann. Við leggjum áherslu á að starfsfólk skoði eigin starfsaðferðir og meti starfið með samstarfsfólki, börnum og foreldrum þar sem velferð barna er í forgrunni og til að skapa samfellu milli heimilis og leikskóla. Í Sunnufold er unnið með snemmtæka íhlutun sem felst í því að finna börn með mögulegan þroskavanda. Stundum þarf bara lítið inngrip eða heimili og leikskóli að stilla saman strengi en stundum þarf teymisvinnu þar sem þátttaka allra í nærumhverfi barnins skiptir máli. Einnig er leitað til sérfræðinga eftir eðli hvers máls fyrir sig og þörfum viðkomandi barns. Með áherslum og sýn allra þátttakanda myndast skólabragur sem er viðurkennandi fyrir alla aðila og eykur öryggi og vellíðan barnanna.

2 Greinargerð leikskólastjóra

Það sem stendur upp úr síðasta skólaári er hversu vel hefur gengið - hversu flottan starfsmannahóp við erum með í Sunnufold og hversu flott börn stunda nám í Sunnufold. Stærstu fréttirnar af síðasta skólaári eru þó vafalaust þær breytingar sem farið var í júní í kjölfar þess að Sunnufold var einn af þeim leikskólum sem tók þátt í tilraunarverkefninu Fyrir Frístund. Þá hættu elstu börnin sem eru á leið í grunnskóla í haust í leikskólanum 7.júní. Þar sem yfirvofandi eru framkvæmdir í húsinu okkar í Frosta þar sem þarf að flytja starfsemi annað á meðan sáum við það sem vænlegan kost að aldurskipta starfsemi og að gera það núna svo það væri allt klárt þegar loksins kemur að okkur í röðinni að láta laga. Öll eldri börn færðust saman í Loga og yngri börnin í Frosta. Þannig sáum við fyrir okkur að þegar að framkvæmdum kæmi þá héldu eldri börnin áfram í leikskóla í hverfinu sínu sem einfaldar allt samstarf við grunnskólann og gefur þeim áfram tækifæri á að læra á hverfið sitt og nærumhverfið. Einnig er húsnæðið okkar í Loga miklu betra fyrir eldri börnin og svo sjáum við tækifæri í því að hafa öll börn á sama aldri á sama stað í Sunnufold. Þannig getum við tryggt það að öll börn á sama aldri fái sömu námstækifæri og kynnist öllum börnum á sama aldri í Sunnufold og hafi þannig breiðara félagaval.

Nú er komin nokkura vikna reynsla á þetta fyrirkomulag og leggst þetta vel í hópinn, bæði börn og starfsfólk. Það er spennan fyrir næsta skólaári þar sem slípað verður til nýtt umhverfi í leikskólanum okkar. Fólk var að flytja milli húsa, bæði starfsfólk og börn, þeir sem fyrir voru taka vel á móti nýjum félögum og kenna þeim á nýtt umhverfi og það er gleði og ánægja í loftinu. Og aðlögun er hafin með fullum krafti sem vekur enn meiri spennu fyrir haustinu og tilhlökkun fyrir nýjum verkefnum.

Gleðilegt nýtt starfsár.





3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Skilvirkni í fundastarfi	
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á stjórnendafundi á miðju ári og í lok skólaárs.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur og deildarstjórar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það gekk vel í upphafi árs að halda reglulega fundi, deildarfundum og deildarstjórufundum sem og að skrifa fundagerðir. En þegar leið á skólaárið þá gekk þetta ekki eins vel. Það er tækifæri til þess að taka aftur upp þráðinn og vera með gott skipulag á fundarhaldi þar sem það var sýnt fram á að það sé hægt í upphafi árs.

Vinafundir í Frosta	
Hvernig fór matið fram?	Á starfsmannafundi á skipulagsdegi Viðtöl við börn í Frosta.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn í Frosta og stjórnendur. Börn á Tröllheimum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsmenn voru ánægðir með vinafundi en hefðu viljað hafa þá aðra hverja viku en ekki tvær vikur í röð fund og tvær vikur ekki. Börnin töluðu um að vinafundir væru mjög skemmtilegir, þar væru sungin skemmtileg lög og alltaf eitthvað spennandi undir teppinu. Þau vildu fá fleiri leynigesti.





Halda áfram gleðinni í hópnum	
Hvernig fór matið fram?	Í hópavinnu á fjórum starfsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Fram kom í hópnum að flestir voru sammála um að það rétti jákvæður andi í starfsmannahópnum en það mætti alltaf gera betur. Lögð var áhersla á að eiga opin samskipti, tala við fólk en ekki um það. Einnig var lagt til að halda fleiri starfsmannaviðburði. Einnig var lagt til að einn starfsdagur verði meira fyrir starfsmannapepp og jafnvel hafa óvissuferð sem er á dagskrá næsta skólaár.

Ytra mat

Starfsmannakönnun stofnun ársins á vegum Gallup fyrir Reykjavíkurborg	
Hvernig fór matið fram?	Spurningalistar sendir á netfang starfsmanna.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk fékk senda könnun.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Einungis 7 starfsmenn af 34 tóku þátt í könnunni, sem sýnir vissulega niðurstöður. Það er tækifæri til þess að gera betur í næstu könnun og hvetja starfsfólk enn frekar til þess að taka þátt.





4 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Stjórnun-mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skilvirkni í fundarstarfi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að festa tíma fyrir deildar-, deildarstjóra-, og stjórnendafundi. Að það verði reglulegt og fundargerð skrifuð sem þeir sem ekki komast á fundinn lesi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja fundarritara á hverjum fundi sem passar uppá að fundargerð fari á réttan stað.
Ábyrgð	Stjórndur og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt árið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið verður á stjórnendafundum í lok árs og staðan tekin og svo aftur í lok skólaárs.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hvort að fundir hafi haldist og ritaðar hafa verið greinagóðar fundargerðir.

Stjórnun-mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Námskrárgerð og gerð starfsmannahandbókar samhliða því.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Klára að endurskrifa nánskrá Sunnufoldar og gera samhliða því starfsmannahandbók.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera með skýrt vinnuþlagg fyrir Sunnufold.
Ábyrgð	Stjórndur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 – janúar 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á vinnufundum með þeim sem taka þátt.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Árangur kemur í ljós eftir að tekið er í notkun.





Stjórnun-mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Snerpusamtöl – tvisvar á ári
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vettvangur fyrir starfsfólk að koma sinnu rödd áleiðis.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að gefa starfsfólki meira tækifæri á því að tjá sig um starfið og sína líðan í starfinu.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Könnun eftir seinni samtöl.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Niðurstöður könnunar.

Stjórnun-mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Starfsmanna könnun á vegum Gallup fyrir Reykjavíkurborg Stofnun ársins
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Árleg könnun til að bæta starf leikskólans
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Öllu starfsfólki gefinn tími og næði til að svara könnun
Ábyrgð	Allt starfsfólk. Stjórar sjá um að veita tíma
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Niðurstöður verða nýttar til umbóta. Niðurstöður ræddar á starfsdegi
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Betra leikskólastarf, ánægðarar starfsfólk og betri líðan starf- manna.





5 Innra mat deilda í Sunnufold 2023-2024

5.1 Hulduheimar

Veturinn 2023 -2024 voru Hulduheimar með yngstu börnin í leikskólanum. Það eru þrjú árgangar á deildinni þar eru börn fædd 2021,2022 og 2023 til samans voru 14 börn á deildinni. Deildin hentar mjög vel þar sem að það eru þrjú rými sem hægt er að skipta börnunum upp í og reynist það okkur mjög vel að skipta börnunum upp.

Styrkleikar

Á Hulduheimum er mikið lagt upp með sköpun hjá börnunum. Börnin fengu að spreyta sig á því að mála, bæði með penslum og höndum, klippa, líma og lita. Þau höfðu mjög gaman af því og ef það var verið að vinna ákveðin verkefni biðu þau flest spennt eftir því að röðin kom að þeim. Verkefni voru oft unnin í takt við árstíðir, hátíðir og aðra tyllidaga í leikskólanum eins og til dæmis litadaga og þema sem er verið að vinna með inn á deild.

Á deildinni er unnið að málörvun í daglegustarfi, í samræðum við matarborðið og í fataklefanum, í leik og í samverustundum. Í samverustundum lærðu börnin sígild leikskólalög, það var sungið mikið af hreyfilögum sem yngstu börnunum þykja skemmtileg. Þeim þótti gaman að taka þátt og nafnalög voru mjög vinsæl en í þeim lögum eru nöfn barnanna í hópnum sungin. Börnin höfðu daglegan aðgang að bókum og skoðuðu myndir mikið. Þegar líða fór á skólaárið var bætt inn lestarstundum þar bækur voru lesnar fyrir börnin. Til þess að auka máltöku barnanna var búið til verkefni fyrir börnin sem þau fengu myndir af t.d. faratækjum eða dýrum sem voru plastaðir inn og settur franskur rennilás á sem þau voru að raða á töflu þar sem það situr starfsmaður með þeim og segir þeim það sem er á myndinni og skapar samtál um þá mynd sem kemur.

Umbótaþáttur sem tekin var fyrir á Hulduheimum var sjálfstæði barna í fataklefanum og lögðum við mikla áherslu á það að börnin geta byrjað að klæða sig sjálf í og úr útifötunum og hefur það verið mikill þróun hjá okkur við tókum þetta í nokkrum stigum byrjuðum að lesa bækurnar um Tuma, Tomma og Soffu, þar lærðu börnin í hvaða röð það ætti að klæða sig og var mikið rætt um það. Þegar við vorum búin að lesa sögunar mörgum sinnum byrjuðum við á stigi tvö sem er að læra að setja á okkur húfuna. Eftir að það var komið var það að byrja að klæða sig í kuldagallann sjálf. Við gefum börnunum mikið rými og nægan tíma til þess að dunda sér við það að klæða sig, þar sem það er lang best að klæða sig í rólegheitum. Hópnum var skipt upp í tvö til þrjú rými til að fá að klæða sig. Þegar þau voru búin að ná að klæða sig í húfu, kuldagalla þá var reynt við skóna og vettlingana og hefur það gengið vel. Þegar við byrjuðum á þessu voru enginn byrjuð að klæða sig sjálf en þegar liðið hefur verið á árið eru núna 7 börn sem geta klætt sig nokkuð vegin sjálf með þessu eru það 50% barna sem kunna að klæða sig en í hópnum eru enn þá 4 lítil börn sem eru rétt á stigi tvö og eru þau að dunda sér að setja húfuna á sig. Þeim finnst öllum auðveldra að klæða sig úr og þurfa mikið minni hjálp við það byrjum við á því að renna niður og þau sjá um rest.





Tækifæri

Umbótaáætlun deilda 2024-2025 má finna í fylgiskjöllum

5.2 Álfheimar

Álfheimar var miðdeild leikskólans. Á deildinni voru 18 börn fædd á árunum 2020-2021.

Styrkleikar

Í starfáætlun sem gerð var fyrir árin 2023-2024 var markmið á Álfheimum að á því skólaári yrði áfram unnið að því að gera umhverfið á deildinni sem best fyrir leik barnanna. Málörvun eigi áfram að eiga sér stað í samverustundum, hópastarfi og spilastundum og útvera verði áfram eins mikil og við getum.

Í vetur var unnið mikið af málörvun barnanna. Samverustundir, spilastundir og hópastarf spiluðu stórt hlutverk í málörvun barnanna. Búinn var til fjölbreyttur samverukassi með ýmsum málörvunarleikjum, sögum og verkefnum. Spilastundir voru margar með fjölbreyttum spilum og má þar nefna bingó, hljóðabingó, minnispil og krummaspil. Í spilastundum læra börnin að bíða, skipast á og fara eftir fyrir mælum og reglum spilsins.

Í haust var ákveðið að stefna að því að börnin myndu læra stafinn sinn. Til að geta unnið að því á markvissan hátt voru útbúnar myndir af börnunum með stafnum þeirra aftan á. Þegar verkefnið fór af stað var eitt barn sem kundi stafinn sinn og var það elsta barnið á deildinni sem er fætt í mars 2020. Oftast var unnið með lagið „ hvar er Anna, stattu upp, komdu sæl og blessuð, sestu nú“. Þegar barnið fékk myndina sína var það spurt hver stafurinn þeirra væri, ef barnið svaraði ekki var stafurinn sagður fyrir þau og hvernig hljóð hann myndar. Þegar börnin skiluðu myndunum voru þau aftur spurð hver stafurinn þeirra væri og þau beðin að segja hann.

Einnig höfum við notað Georg appið í spjaldtölvunni þar sem unnið er með bæði bókstafi sem og tölvustafi. Þær stundir eru hafðar í litlum hópum og farið er vel yfir hvern staf, hvaða orð byrja á stafnum, hvort einhver á deildinni eigi stafinn og hvernig hljóð hann myndar.





Að lokum voru notaðar loðtöflumyndir. Myndir af öllum stöfunum og mynd af hlut sem byrjar á þeim staf voru plastaðar og settur franskur rennilás aftan á. Í litlum hópum voru börnin beðin að segja hvað væri á myndinni og hvaða stafur ætti orðið og að lokum máttu þau hengja myndina á loðtöfluna.

Í apríl 2024 kunnu 16 börn af 18 börnum stafinn sinn. Yngstu tvö hafa ekki náð að segja hvað stafurinn þeirra heitir en þau þekkja hann á mynd.

Barnahópurinn á Álfheimum þennan vetur var mjög kraftmikill, stór hluti voru fjörugir drengir sem þurfa mikla hreyfingu og útiveru. Þar af leiðandi var útivera stór hluti af leikskólastarfinu. Miðað var við að fara út að minnsta kosti einu sinni á dag og oftast ef veður var gott. Um helmingur barnanna fer í hvíld eftir hádegismat og var sá tími oft notaður í útiveru eldri barnanna. Einnig var farið í göngutúra og börnin æfð að vera í röð. Svo enduðu göngurnar oft á einhverjum hverfisrólóvelli.

Á Álfheimum voru rýmin þrjú talsins. Tvær stofur sem skildar eru að með gangi og ein lítil stofa sem var innangengin af einu af stóru rýmum. Sú stofa var tekin undir sérkennslurými og var þá ákveðið að börnin á Álfheimum ættu forgangsrétt að salnum. Hann hefur verið nýttur mjög vel í vetur, bæði í hópastarfi og frjálsum stundum þar sem kennari tekur lítinn hóp með sér og börnin una sér vel og festast í góðum leik. Hin rýmin tvö hafa verið endurskipulögð markvisst með það í huga að gera leikumhverfið aðlaðandi fyrir börnin og mæta þörfum barnanna í leiknum.

Samverustundir spila stóran sess í deildarstarfinu á Álfheimum. Þar fer fram mikil málörvun og hafa börnin gaman af þeim. Þar er mikið sungið og hafa börnin gaman af því að syngja. Tekin eru fyrir mikið að lögum og eru þau dugleg að læra þau. Einnig er oft farið í málörvunarleiki, það eru sagðar sögur, lesnar loðtöflusögur og bækur. Samverustundir eru allt að þrisvar sinnum á dag, svona eftir því



hvernig dagsformið er hverju sinni og þá ýmist allur hópurinn saman eða skipt í minni hópa.

Tækifæri

Umbótaáætlun deilda 2024-2025 má finna í fylgiskjöllum



5.3 Tröllheimar

Tröllheimar var elstu barna deild í Frosta. Veturinn 2023 til 2024 voru níu börn fædd 2018, níu börn fædd 2018 og sjö börn fædd 2019.

Styrkleikar

Starfið á Tröllheimum í vetur gekk vel, nokkur festa í starfinu.

Börnin hafa farið í nokkuð margar ferðir um nágrenni leikskólans í vetur. Þau hafa farið á leikvelli sem eru stutt frá leikskólanum. Þeim finnst mjög gaman að fara og leika sér á skólalóð Foldaskóla og sérstaklega þegar eru frímínútur því þar hitta sum hver systkini sín og fyrrum leikskólafélaga sem komnir eru í grunnskóla. Í desember fóru öll börnin í aðventuferð með það að markmiði að skoða jólaskreyttan garð í Hverafold. Börnunum var boðið að skoða gulu saltkistuna sem var á vegi okkar og þau eru henni mjög kunn og sum tóku upp á því að klifra upp í hana. Eftir að hafa skoðað jólagarðinn voru börnin spurð hvort þau vissu hvaða stóra bygging væri stutt frá og þau vissu að það væri kirkjan og óskuðu eftir að fara þangað. Farið var í þremur aldursskiptum hópum í ferðirnar og öllum hópum boðið að skoða kirkjuna þegar við litum inn og þótti börnunum það mjög spennandi.



Börnin á Tröllheimum fara yfirleitt út tvisvar til þrisvar á dag, klukkan tíu og stundum eftir hádegi og svo eftir þrjú á daginn þegar þau eru búin að drekka og hlusta á sögu.

Lubbastundir hófust um leið og leikskólastarfið byrjaði í haustið 2023 og tókst að fara næstum í gegnum öll hljóð Lubba. Þar sem leikur frjáls leikur var í gangi þegar Lubbastundir voru reyndist oft erfitt að fá þau með góðu inn í stundirnar. Því var tekið á það ráð að leyfa þeim að raða sér í hópa og voru börnin allt frá því að vera eitt upp í 10 barna hópar. Lesin var stutt saga um hljóð vikunnar og sungið viðeigandi lag. Svo voru skoðaðir hlutir sem byrjuðu á hljóði vikunnar úr Lubboxinu og þau fengu að velja sér einn eða nokkra hluti til að setja aftur ofan í kassann og endurtaka orðið. Í lok hverrar Lubbastundar fékk hvert og eitt barn blað og stafurinn skrifaður og þau rituðu stafinn á blaðið. Elstu börnin voru einnig hvött til að skrifa litla stafinn. Börnin í Kisuhópi áttu erfiðara með að herma eftir stöfunum og teiknuðu á blöðin. Um tíma leiruðum við stafina og stundum kubbuðum við þá. Miklar breytingar urðu á þekkingu barnanna á stöfunum. Til dæmis fóru þau niður í skóla og voru spurð út í stafina og hvar í orðinu þeir væru. Öll börnin vissu hvar hver stafur var og fannst þetta frekar auðvelt verkefni.

Í umbótaráætlun síðasta árs var ákveðið að gera námsumhverfi barnanna aðgengilegt og vel merkt. Það var unnið á þann hátt að það voru fleiri hillur settar í hæð barnanna, dótið sett í minni körfur og allt vel merkt. Með þessu myndaðist gott flæði, börnin áttu auðveldara með það að finna sér verkefni, þau nutu sín betur í leik og entust lengur í leiknum. Einnig var ákveðið að taka fyrir samverustundir. Ákveðið var að hafa minni hópa í samveru og þannig ná að fylgjast betur með hverjir eru að taka þátt og hafa gaman og allir fengið að njóta sín betur. Til að byrja með gekk þetta ekki



mjög vel en þegar það komst æfiing á það að skipta þeim í tvær samverur jókst þátttaka barnanna til muna og flestir farnir að njóta sín í samveru.

Tækifæri

Umbótaáætlun deilda 2024-2025 má finna í fylgiskjöllum

5.4 Stjörnukot

Stjörnukot var yngri deild í Loga, þar voru fimm börn fædd 2020, tíu börn fædd 2021 og þrjú fædd 2022.

Styrkleikar



Við erum svo heppin á Stjörnukoti að hafa þrjár rúmgóðar stofur. Með því að skipta börnunum niður á herbergin þá skapast meiri ró og börnin fá meiri rými til þess að þróa leikinn, ná hugarflæði og blómstra. Einnig hefur starfsfólk þá meiri yfirsýn yfir þann hóp sem hann er með og getur betur fylgst með hverju og einu barni. Útívera, málörvun, sköpun, bókalestur og almenn gleði var á sínum stað og fléttað inn í starfið.

Útíveran er stór hluti af leikskóladeginum. Vel gekk að fara út í garð að leika í haust og er að jafnaði farið út einu sinni á dag. Veturinn var óvenjukaldur og því erfitt að fara út með minnstu börnin og reyndi það þá meira á útsjónarsemi starfsfólks deildarinn vegna inniverunnar. Um leið og snjórinn fór þá fórum við aftur út og jukum fljótlega í að fara út tvisvar á dag.

Það er lesið tvisvar á dag fyrir börnin í tveimur til þremur hópum. Allir starfsmenn deildarinnar lesa bækur fyrir börnin. Lesið er fyrir hádegismatinn og aftur eftir kaffitímann.

Söngstund er tvisvar á dag á deildinni. Við reynum að hafa myndir líka sýnilegar fyrir börnin í söngstundum til að efla börnin í læsa mynda og að muna lög og myndir. Á föstudögum er Vínafundur fyrir öll börnin í Loga haldinn á Mánakoti. Þá er sungið saman, talað og dansað saman í lokin. Málörvun fer fram í öllu daglegu starfi, spilum, samtali, lestri bóka og söngvum. Það gengur oftast vel en fer stundum eftir mönnun á deildinni.



Tækifæri

Umbótaáætlun deilda 2024-2025 má finna í fylgiskjöllum

5.5 Mánakot

Mánakot var eldri deild í Loga, Á Mánakoti voru 26 börn fædd 2018 og 2019.

Styrkleikar





Starfið í vetur hefur gengið vel. Samverustundir voru þrjár á dag. Í fyrstu samveru var eitt barn sem var veðurfræðingur en þar er farið eftir stafrófsröð barnanna. Farið var yfir hvaða dagur væri, hvernig veðrið væri og í hvað væri best að klæða sig þann daginn. Í samverunni fyrir hádegismatinn var unnið með Lubbi finnur málbein þar sem börnin læra stafina og hljóðin þeirra. Einn stafur og hljóð hans var tekinn fyrir í hverri viku. Þá var einnig sungið í þeirri samveru sem og samverunni sem er eftir hádegi. Málörvun á sér stað í samverustundun ásamt öðrum stundum dagsins eins og við matarborðið og í fataklefanum og leik og starfi. Við tókum upp nýtt fyrirkomulag en það er að á mánudögum fær eitt barn úr yngri hóp og eitt barn úr eldri hóp það hlutverk að vera þjónn þá viku. Þessi börn koma fyrr inn úr útiveru og læra og hjálpa til við að leggja á borð og segja síðan öðrum á deildinni hvað sé í matinn þann dag eftir samveru. Þarna fá tvö börn gæða stund með kennara þar sem þau læra að leggja á borð, læra hugtök yfir ýmiss áhöld og einnig leikni í að standa fyrir framan hópinn og segja frá.



Leikurinn er aðalnámsleið barna og því er mikilvægt að börn fái tíma og rými til þess að leika sér. Frjáls leikur var rauður þráður í starfinu á Mánakoti þar sem börnin fengu tækifæri til þess að þróa sinn leik í samskiptum við hvort annað ásamt því að æfa samskipti sín við félagana sína. Með þessu voru vinátta, lýðræði og sjálfræði höfð að leiðarljósi og mikilvægi þess að allir átta félagar og voru hluti af hópnum. Sameiginlegar ákvarðanir voru teknar og umræða um það hvernig börnin vildu að leikskólinn þeirra væri.

Útivera var að minnsta kosti einu sinni á dag og oftast ef það var veður til þess. Börnin voru ánægð í útiveru og höfðu gaman af því að leika sér í garðinum eða fara í gönguferðir um nærumhverfið.

Eftir áramót hafa elstu börnin farið í heimsókn í Foldaskóla. Þau hafa farið í þrjár heimsóknir í Regnbogaland, farið í íþróttatíma með fyrsta bekk, farið í textílmennt og smíðar og einnig hafa þau farið og setið eina kennslustund með fyrsta bekk.

Börnin á deildinni hafa farið í ýmsar ferðir út fyrir leikskólann og má þar nefna, húsdýragarðinn, bókasafnið, Árbæjarsafnið og einnig farið og hlustað á sínfóníuhljómsveitina.

Næsta vetur eru þrettán börn að fara í grunnskóla og því verður töluverð breyting á barnahópnum þar að auki erum við að fara í breytingar þar sem húsið okkar í Loga verður elstu barna hús og er mikil tilhlökkun fyrir því. Næsta vetur verðum við því í því að slípa það starf til en vinnum samt áfram að því að hafa leikinn sem aðalnámsleiðina okkur og einbeitem okkur að mikilvægi vináttu og samvinnu. Við ætlum að vera dugleg að fara í ferðir út fyrir leikskólann til að kynnst og sjá nýja hluti og kanna nærumhverfið okkar. Lubbi verður á sínum stað og við höldum áfram að flétta það sem við lærum í lubbastundum inn í annað sem við tókum okkur fyrir hendur í leik og starfi. Jákvætt samfélag á deildinni er mikilvægt til þess að börn blómstri og að allir finni að þeir séu hluti af heildinni sem deildin er og megin áherslan á meiri og betri samvinnu.





Tækifæri

Umbótaáætlun deilda 2024-2025 má finna í fylgiskjölum

6 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Mánaðarskráningar eru notaðar á öllum deildum til þess að fylgjast með málum allra barna. Listar eru inná deildum þar sem séringrip eru skráð, s.s. lestur, gefðu 10 og fl. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til þess að ná til þarfa hvers og eins frá því að stuðningur fari fram inná deild í deildarstarfinu alveg yfir í mikla einstaklingskennslu. Sérkennslan er fléttuð inn í daglegt leikskólastarf. Mikil áhersla er lögð á að allir starfsmenn hvernar deildar þekki þarfir, átælu og tjáningaform barna sem þurfa stuðning svo íhlutun verði sem farsælust fyrir barnið. Einstaklingskennsla er skráð eftir hverja stund og þannig fylgst með framförum hjá hverju barni.</p> <p>Haldnir eru teymisfundir á 6-8 vikna fresti fyrir börn sem eru með úthlutaðan stuðning. Þar koma saman fulltrúa heimilis barnanna, fulltrúar leikskólans og svo fulltrúar skólaþjónustunnar í Austurmiðstöð ýmist hegðunarráðgjafar, talmeinafræðingar eða sérkennsluráðgjafar. Það er við á í hverju máli.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS, ABLLS-R, Hljóm 2, Efi 2, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Fjölbreytt námsgögn, s.s. bækur, spil, námsgögn af netsíðunni Fjölbreyttar kennsluáferðir og fleiri netsíðum, öpp í spjaldtölvum eins og Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og Bitsboard.</p>





Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Sérkennsla	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Áhersla lögð á að viðhalda árangri í gegnum komandi húsnæðisbreytingar.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta tækifæri sem myndast í breytinga-ferli
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda reglulega fundi með deildarstjórum, stuðningsaðilum og yfirstjórn
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2024 – Júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á fundum með stjórnendum og stuðningsfólki
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að samþætting sérkennslu og annars leikskólastarfs viðhaldist

Sérkennsla	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Efling hlutverks foreldra í íslenskunámi barna sinna með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að foreldrar séu virkir þátttakendur í íslenskunámi barna sinna á leikskólaárunum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kynna fyrir foreldrum. Senda verkefni heim sem foreldrar vinna með börnum frá 4 ára aldri.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2024 – Júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með hlutfalli þeirra verkefna sem skilað er að heiman í leikskólann.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börn og foreldrar með fjölbreyttan menningar og tungumála bakgrun geti talað og skilið íslensku í daglegu tali





5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er notað í laun starfsmanna á deild og í námsefni.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Daglegur lestur, Gefðu 10, spjall, spil, bókin mín (lykilhugtök), setja orða á athafnir og „baða“ börnin í orðum.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Já. Orðaspjall í lestri, Orð í tösku er lítillaga notað, Markviss málörvun, Listi frá miðju máls og læsis. Einnig var lestrarmargfætla sem var keppni milli deilda þar sem áhersla var lögð á fjölda lestrarskipta. Á yngri deildum er unnið með orðaforðamyndir í leik. Þá er mikið úrval af alls kyns myndum úr mörgum flokkum sem börnin skoða og starfsmaður nefnir orðið ef börnin vita það ekki. Lögð er mikil áhersla á virkni starfsmanna
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Já, á deildum er fylgst með framförum allra barnanna og skráð reglulega. Auk þess fylgist sérkennslustjóri með og hlustar á málnotkun barnanna.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málproska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já en með auknum fjölda starfsmanna með annað móðurmál en íslensku er þetta áskorun. Mikil áhersla hefur verið lögð á íslenskunám starfsmanna og verður það áfram.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markviss málörvun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fjölga tækifærum í námsumhverfi leikskólans
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til fámenna málörvunarhópa sem tilheyra snemmtækri íhlutun innan deilda sem hittast tvisvar til þrisvar í viku.
Ábyrgð	Deildarstjórar og sérkennslustjóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – lýkur aldrei
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmat á starfsdögum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin geti notið sín í íslensku námsumhverfi og sótt sér nám.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram um miðjan mars. Samtölin voru svokölluð snerpusamtöl þar sem starfsmenn ræddu líðan og óskir við leikskólastjóra. Stefnt er að því að hafa snerpusamtöl tvisvar sinnum á næsta skólaári, einu sinni fyrir jól og einu sinni eftir jól og hafa svo lengra starfsþróunarsamtal þegar líður á vorið.

Á starfsdögum var fræðsla um kvíða barna og um námsumhverfi fyrir allt starfsfólk. Allir deildastjórar fóru einhvern hluta af sex skiptum á Starfsþróunarnámskeið fyrir deildastjóra í leikskólum borgarinnar 2023 – 2024. Tveir stjórnendur káruðu Forystunám Reykjavíkurborgar. Ásamt fræðslu fyrir deildarstjóra og stjórnendur um Farsældarlögin og lausnarteymi. Starfsmenn sótt einnig endurmenntun með því að fara á námskeið og þar á meðal má nefna; Sögurpokar hjá Endurmenntun, Almenn veðurfræði og túlkun veðurspáa hjá Endurmenntun, Húmor og aðrið styrkleikar – Edda Björgvins hjá Endurmenntun, Landnámabók hjá Endurmenntun, Tengslavandi hjá leik- og grunnskólabörnum til 8 ára aldrurs hjá Endurmenntun, Að kenna börnum hugleiðslu hjá Heillastjörnunni, Slys og veikindi barna hjá Rauða Krossinum, Smábarnalistinn námkeið, APES námskeið, ABBL-S-R námskeið, PECS myndrænt boðskiptakerfi og Vorráðstefna Ráðgjafar- og greiningarstöðvar – Kynheilbrigði og fjölbreyttur taugaproski.

Einn starfsmaður kláraði M.Ed í leikskólakennarafræði og fékk leyfisbréf sem kennari, einn kláraði B.Ed í leikskólakennarafræði og einn B.Sc í Sálfræði. Einn starfsmaður stundar meistaranám í félagsmála- og tómsundarfræði.

7 Samstarf við Foldaskóla og Regnbogaland

Samstarf við Foldaskóla og Regnbogaland var með sama sniði og síðustu ár. Samstarfið hefst ár hvert með því að börn úr Foldaskóla koma í heimsókn í leikskólann á degi Íslenskrar tungu og lesa fyrir börnin. Börnin fengu að fara og vera með í íþróttatíma sem og textíl og smíðum og farið í heimsókn á skólabókasafnið. Einnig var samstarf við Regnbogaland þar sem var farið í reglulegar heimsóknir þangað.

8 Foreldrasamvinna

Góð samvinna og samskipti við foreldra og heimili barna er lykill að farsælli leikskólagöngu, því leggjum við í Sunnufold mikla áherslu á gott foreldrasamstarf. Þessi samvinna er sterkur grunnur að því að barninu takist að nýta þau námstækifæri sem leikskólinn býður.

- 3. september kl: 19:30 verður foreldrakynning í Loga og 4. september kl:19:30 í Frosta. Foreldrar mæta og farið verður yfir næsta skólaár. Einnig fá þeir tækifæri til þess að setja niður með deildarstjóra síns barns og farið verður yfir deildarstarfið og foreldrar geta spurt spurninga. Tekið verður við framboðum í foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrar eru hvattir til þess að mæta.
- Foreldraráð leikskólans skipa einn fulltrúi foreldra af hverri deild. Kosið er á foreldrafundi haustsins. Hver fulltrúi situr í tvö ár. Fulltrúar úr starfsmannahópnum funda með ráðinu ásamt leikskólastjóra og hefur umsögn um starfið í leikskólanum. Fundir eru 6-7 yfir skólaárið.





- Foreldrafélögin hafa verið sameinuð til að tryggja að börnin í Sunnufold fái jafnari tilboð um framlag foreldra til leikskólastarfsins auk samvinnu við t.d. pöntun á ljósmyndara og þess háttar.
- Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar sinnum á ári. Foreldrum er ávallt velkomið að hafa samband við deildarstjóra hvort sem það er í daglegum samskiptum, símtali eða tölvupósti.
- Í foreldrasamtali að hausti eru foreldrum elstu barna kynntar niðurstaða úr Hljóm-2 prófinu sem athugar stöðu hljóðkerfisvitundar barnanna á síðasta leikskóla árinu. Auk þess sem foreldrum barna á fjórða ári eru kynntar niðurstöður úr málþroskaskimuninni Efi-2.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Sunnufold skólarárið 2024-2025 verða :

27. september 2024

14. október 2024

22. nóvember 2024

6. febrúar 2025

17. mars 2025

23.mái 2025

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

Sunnufold

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1. F	1. S	1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. L	1. L	1. Þ	1. F	1. S
2. F	2. M	2. M	2. L	2. M	2. F	2. S	2. S	2. M	2. F	2. M
3. L	3. Þ	3. Þ	3. S	3. Þ	3. F	3. M	3. M	3. L	3. L	3. Þ
4. S	4. M	4. M	4. F	4. M	4. L	4. Þ	4. Þ	4. F	4. S	4. M
5. M	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F
6. Þ	6. F	6. S	6. M	6. F	6. M	6. F	6. F	6. S	6. Þ	6. F
7. M	7. L	7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F	7. F	7. M	7. M	7. L
8. F	8. S	8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. L	8. L	8. Þ	8. F	8. S
9. F	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F	9. S	9. S	9. M	9. F	9. M
10. L	10. Þ	10. F	10. S	10. Þ	10. F	10. M	10. M	10. F	10. L	10. Þ
11. S	11. M	11. F	11. M	11. M	11. L	11. Þ	11. Þ	11. F	11. S	11. M
12. M	12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F
13. Þ	13. F	13. S	13. M	13. F	13. M	13. F	13. F	13. M	13. Þ	13. F
14. M	14. L	14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. F	14. F	14. M	14. M	14. L
15. F	15. Þ	15. F	15. F	15. S	15. M	15. L	15. L	15. Þ	15. F	15. S
16. F	16. M	16. M	16. L	16. M	16. F	16. S	16. S	16. M	16. F	16. M
17. L	17. Þ	17. F	17. S	17. Þ	17. F	17. M	17. M	17. F	17. L	17. Þ
18. M	18. M	18. F	18. M	18. L	18. Þ	18. F	18. F	18. M	18. S	18. M
19. M	19. F	19. L	19. Þ	19. F	19. S	19. M	19. M	19. L	19. M	19. F
20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. F	20. M	20. F	20. F	20. S	20. Þ	20. F
21. M	21. L	21. M	21. F	21. L	21. Þ	21. F	21. F	21. M	21. M	21. L
22. F	22. S	22. Þ	22. F	22. S	22. M	22. L	22. L	22. Þ	22. F	22. S
23. F	23. M	23. M	23. L	23. M	23. F	23. S	23. S	23. M	23. F	23. M
24. L	24. Þ	24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. M	24. M	24. F	24. L	24. Þ
25. S	25. M	25. F	25. M	25. L	25. Þ	25. F	25. F	25. M	25. S	25. M
26. M	26. L	26. M	26. F	26. M	26. S	26. M	26. M	26. L	26. M	26. F
27. Þ	27. F	27. S	27. M	27. F	27. M	27. F	27. F	27. S	27. Þ	27. F
28. M	28. L	28. M	28. F	28. L	28. Þ	28. F	28. F	28. M	28. M	28. L
29. F	29. Þ	29. S	29. M	29. F	29. S	29. M	29. M	29. L	29. F	29. S
30. F	30. M	30. M	30. L	30. M	30. F	30. S	30. S	30. M	30. F	30. M
31. L	31. F	31. F	31. M	31. L	31. F	31. M	31. M	31. L	31. L	31. M

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar. Leikskólagjöld lætka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarlefi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og fí viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfélli í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.





10 Fylgiskjöl

10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025

Vegna breytinga sem áttu sér stað í Sunnufold í júní 2024, þar húsaskipan var endurskipulagt og öll eldri börn eru í Loga og yngri börn í Frosta var ákveðið að umbótaáætlum deildar yrði gerð sameiginleg fyrir hvort hús fyrir sig.

Logi	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hópastarf í aldurskiptum hópum þvert á deildir.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að öll börn í elstu hópum fái sömu námstækifæri og tækifæri á að kynnast öllum börnum í Sunnufold.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnum verður skipt í hópa sem rúlla vikulega á alla starfsmenn. Öll börn fá stundir með öllum starfsmönnum,
Ábyrgð	Deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið verður meðal starfsfólks á deildarfundum í lok árs og aftur í vor. Tekin verður tenglakönnun hjá börnunum til þess að athuga tengsl barna þvert á deildir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin hafi tækifæri á því að mynda vinatengsl við alla jafnaldra í Sunnufold. Að börn sem voru áður í sitthvoru húsinu kynnist og verði vinir.

Frosti	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Nýting á sameiginlegu rými í sal Frosta.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta betur rýmið til þess að létta á deildum, nýta það saman með hópa af deildum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp skipulag, hvernig er hægt að nýta salinn saman, hversu mörg börn af hverri deild geta verið saman í salnum
Ábyrgð	Deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarstjórafundum í lok árs og aftur í vor.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hvernig gekk að nýta salinn saman, var hann betur nýttur en fyrir breytingar.





Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Að mati foreldraráðs endurspeglar starfsáætlunin það starf og þá stefnumótun sem viðhöfð hefur verið í leikskólanum. Að mati ráðsins ber starfsáætlunin þess merki að faglega sé unnið eftir þeim áætlunum sem skólinn setur fram hverju sinni.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Áætlunin er að mati ráðsins sett fram með skipulegum hætti og faglega unnin. Upplýsingar sem gefa innsýn í starfið, skipulag þess, framgang og bætingar sem fram fara á deildum og utanumhald starfsfólks eru skýrt settar fram. Sömuleiðis aðrar upplýsingar sem fram koma. Skýrslan er því afar gagnleg þeim lesendum sem vilja kynna sér efni hennar.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin veitir foreldrum og öðrum lesendum hennar góða innsýn í það starf sem fram fer á leikskólanum. Ráðið vill einnig koma því á framfæri að ánægja er með starfið sem unnið er á leikskólanum. Metnaður er lagður í starfið og að börnin hljóti viðeigandi færni og menntun hverju sinni.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð gerir engar athugasemdir við starfsáætlun leikskólans.

Fulltrúar í foreldraráði:

Anna Rut Ágústsdóttir, Olga Dís Þorvaldsdóttir, Sunna Hlynsdóttir, Viktoría Júlía Hauksdóttir, Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

F.h. foreldraráðs,

Olga Dís Þorvaldsdóttir





F. h. leikskólans Sunnufold

Melkorka Kj.

Leikskólastjóri

4.7.2024

Dagsetning

